



**Varðandi: Lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga - endurgreiðsluhlutfall B-deildar Akraneskaupstaðar 2015**

**Málsnúmer: 1503049**

**Dagsetning: 11. mars 2015**

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að hlutfall endurgreiðslu lífeyris vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild LSS verði 56%.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til samþykktar.

---

**GREINARGERÐ:**

Samkvæmt bréfi Lífeyrissjóðs Starfsmanna sveitarfélaga (LSS), dags. 26. febrúar síðastliðinn, samþykkti stjórn lífeyrissjóðsins tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins um að endurgreiðsluhlutfall launagreiðanda á greiddum lífeyri í réttindasafni Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild LSS verði 56% vegna ársins 2015.


Stjórn lífeyrissjóðsins vísaði málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 49. gr. samþykktu LSS. Í samþykktunum kemur m.a. fram að bæjarsjóðir og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild. Þá skal endurgreiðsluhlutfall ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar.

Rétt er að geta þess að endurgreiðsluhlutfallið sem lagt er til er óbreytt frá árinu 2014.



Akraneskaupstaður

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bærarstjóri